

SKÓLA- OG ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ Á ÞÓRSHÖFN – HEILDARENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS

Umsagnir og viðbrögð við skipulagslýsingu vegna heildarendurskoðunar á deiliskipulagi íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn.

Kynningartími skipulagslýsingar var frá 26.09 til 24.10.2025

Tafla 1. Efnisatriði umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim

UMSAGNARAÐILI	EFNISATRIÐI	VIÐBRÖGÐ
Skipulagsstofnun 21.10.2025	Bendir á að gera þurfi grein fyrir núverandi mannvirkjum á skipulagssvæðinu og setja fram viðeigandi skilmála fyrir þau, ef við á. Skipulagsstofnun hvetur skipulagsaðila til þess að setja fram skýra stefnu og skilmála til að tryggja gæði umhverfis, t.d. varðandi útivistarsvæði og skóla og íþróttasvæðis. Skipulagsstofnun hvetur til þess að gott samráð verði í gegnum allt skipulagsferlið við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Minnt er á að skila þurfi gögnum á stafrænum formi auki pappírs.	Umsögn er komið á framfæri til skipulagsaðila en gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Rarik	Umsögn barst ekki á auglýstum kynningartíma	
Minjastofnun Íslands 16.10.2025	Fyrir liggur fornleifaskráning, sjá Angantýr Einarsson (2012) Fornleifaskráning í landi Syðra-Lóns, í Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 Greinargerð og umhverfisskýrsla, sem unnin var fyrir þéttbýlið á Þórshöfn en skráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar vegna deiliskipulags. Húsakönnun þarf einnig að vinna innan skipulagssvæðisins. Skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest þær.	Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr.16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt mun fara fram fornleifaskráning innan skipulagssvæðisins. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
Vegagerðin 27.10.2025	Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð. Lágmarka skal fjölda tenginga við þjóðveg eins og hægt er og afmarka þær vel. Afmarka skal veg frá skólalóð eins vel og hægt er. Gönguleiðir skulu vera skýrar og vel afmarkaðar.	Umsögn er komið á framfæri til skipulagsaðila en gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra 14.10.2025	Ekki er gerð athugasemd á þessu stigi málsins.	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.